

Nd.

309. Tillaga

til þingsályktunar um sparisjóð Árnassýslu.

Frá fjárhagsnefnd.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að reyna að fá því til vegar komið, að Landsbankinn taki að sjer sparisjóð Árnassýslu á Eyrarbakka með þeim kjörum, að innstæðueigendum verði trygð 80 % af innstæðufje þeirra.

Greinargerð.

Það er kunnugt, að sparisjóður Árnassýslu hefir komist í svo miklar kröggur, að hann hefir neyðst til þess að leita aðstoðar ríkisstjórnarinnar. — Rannsókn, sem stjórnin hefir látið framkvæma á hag sparisjóðsins, hefir leitt í ljós, að algerlega tapað má telja af útistandandi skuldum sparisjóðsins kr. 440633.80. Varasjóður sparisjóðsins taldist 7. júní síðastl., er rannsóknin fór fram, kr. 222377.26 og tryggingarfje kr. 2090.00. Tap sjóðsins umfram eignir hans nemur þá kr.

216166.54, eða nálægt 14 $\frac{3}{4}$ % af innstæðufje sjóðsins, sem á þessum tíma nam kr. 1466845.72. En auk þessa taps telur nefnd sú, er rannsóknina framkvæmdi, »miður vel tryggð« lán og víxla kr. 193390.49. Að lokinni rannsókn var þess farið á leit við stjórn Landsbankans, að hann tæki sjóðinn að sjer til rekstrar, og náðist samkomulag um það milli bankans og alls þorra innstæðueigenda sjóðsins, þannig, að bankinn tæki að sjer að greiða: ómyndugra fje og opinberra sjóða, sem í sparissjóðnum stendur, að fullu og 80 % af annari innstæðu í sjóðnum, með þeim skilyrðum, að af innstæðufjenu verði þegar afskrifuð 20 % og fyrir 10 % af innstæðunni, eins og hún er talin 1. jan. 1924, komi ábyrgð, er bankinn tekur gilda. Samkvæmt þessu hefir verið farið fram á það, að ríkissjóður taki á sig ábyrgðina fyrir þessum 10 % af innstæðunni, eða um 150 þús. kr., og með brjefi, dags. 26. febr. síðastl., fór fjármálaráðherra fram á það, að fjárhagsnefndin »vildi útvega hjá þinginu heimild fyrir landsstjórnina til að ábyrgjast, ef til kemur, 10 % af innstæðufje sparissjóðsins«, og það jafnframt tekið fram, að ráðuneytið yrði að álíta, eftir þeim upplýsingum, sem fengist hafi við umrædda rannsókn á hag sparissjóðsins, »að aldrei muni koma til þess, að greiða þurfi neitt vegna þeirrar ábyrgðar, sem ríkissjóður þannig tæki á sig«.

Fjárhagsnefnd hefir haft til athugunar skýrslur rannsóknarnefndarinnar, og að vísu komist að þeirri niðurstöðu, að dómur hennar um tryggingar fyrir útistandandi skuldum, lánum og víxlum sjóðsins muni hafa verið svo strangur, að ekki virðist líkur til þess, að hagur sjóðsins reynist verri en hún telur, eða tap hans að lokum að verulegum mun meira en hún áætlað það.

Þó vill nefndin ekki ráða til þess, að ríkissjóður taki á sig þessa ábyrgð fyrir sjóðinn, vegna fordæmis þess, sem með því væri gefið. Hún lítur hinsvegar svo á, að brýna nauðsyn beri til þess að hjálpa sjóðnum þannig, að starfsemi hans verði haldið áfram og tap innstæðueigenda verði sein minst, og telur það skyldu sína að reyna að greiða sem best fyrir því, vegna hagsmuna þeirra fjölmennu hjerada, sem hlut eiga að máli. Og þar sem Landsbankinn er eign ríkissjóðs, þá liggur vitanlega næst að leggja á hans herðar þær skyldur, sem telja mætti, að ríkissjóði bæri að rækja í þessu efni, enda stendur bankinn vel að vígi um það í þessu hjeradi, þar sem hann á sjálfur mikilla hagsmuna að gæta. En jafnvel þó að tap sjóðsins yrði að lokum nokkru meira en áætlað er, jafnvel þó að það færi eitthvað fram úr þeim 20 % af innstæðu sjóðsins, sem afskrifa á þegar í stað, þá hyggur nefndin, að bankinn mundi geta unnið það upp aftur á viðskiftaaukningunni og betri aðstöðu á þessu viðskiftasvæði sínu. Þó vill nefndin alls ekki ráða til þess að *skylda* bankann til þess að taka að sjer sjóðinn með þessum kjörum, þó að það sje að vísu á valdi löggjafarvaldsins, heldur láta bankastjórnina hafa fullan ákvörðunarrjett í því efni. En nefndin telur rjett, eftir því sem atvik liggja til og hún að öðru leyti hefir getað myndað sjer skoðun um málið, að ráða þinginu til þess að hvetja bankastjórnina eindregið til að greiða sem best úr fyrir sparissjóðseigendum, án þess þó að binda bankanum of þungan bagga. Og það telur nefndin að gert væri með samþykkt þessarar tillögu.